

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Um: Fjögurra ára samgönguáætlun 2013 – 2016, 495. mál.

Hafnasjóður Dalvíkurbyggðar hefur mörg undanfarin ár sótt um ríkisstyrk til framkvæmda við Dalvíkurhöfn. Á tíunda áratug síðustu aldar var byggður öflugur skjólgarður norðan við svokallaðan Norðurgarð á Dalvík. Innan hans átti síðan að byggja viðlegukant og var höfnin hönnuð með hliðsjón af því. Kanturinn átti að þjóna strandsiglingum við utanverðan Eyjafjörð en uppúr aldamótum var strandsiglingum hætt og var þá forgangsraðað að nýju þannig að þegar hafnaáætlun 2001 – 2004 var kynnt án hafskipakantsins var því látið ómótmælt.

Við gerð deiliskipulags fyrir höfnina fyrir nokkrum árum kom bygging þessa viðlegukants aftur til umfjöllunar og var viðskiptaáætlun unnin fyrir framkvæmdina, og árið 2010 og aftur árið 2012 og sótti Hafnasjóður Dalvíkurbyggðar um ríkisstyrk í bæði skiptin vegna lúkningar á þeirri framkvæmd sem hafin var með byggingu skjólgarðsins. Í stuttu máli, það kom ekkert út úr þeim umsóknum, enda ríkissjóður fjárvana.

Hafnastjórn er þess fullviss að bygging þessa mannvirkis er „mikilvæg fyrir byggðarlagið og atvinnuuppbyggingu þess“ eins og segir í 2. gr. um tilgang Hafnabótasjóðs. Og það er viðurkennt að framkvæmdin er styrkhæf. Rökin eru margvísleg. Skip sem landa á Dalvík eru að stækka, en staðan er sú að fiskvinnsla Samherja vinnur allt að 100 tn. á dag. Þá er höfnin einnig ferjuhöfn og því oft mikið umleikis. Síðast en ekki síst eru skipafélögin farin að sigla af landsbyggðinni beint á útlönd. Það hentar Dalvíkurbyggð afar vel því héðan er mikill útflutningur, ekki bara fiskafurðir heldur einnig kör og aðrar plastafurðir frá verksmiðju Promens/Sæplast, eða allt að 500 gámaeiningar á ári. Eins og gefur að skilja er því miklu „trukkað“ út frá Dalvík. Benda má á að Dalvíkurhöfn er fyrir miðjum Eyjafirði og ýmis tækifæri því samfara.

Hafnasjóður lét á árinu 2013 vinna tillögu að byggingu viðlegukantsins í samræmi við eldri tillögur og kostnaðarmeta. Einnig lét hafnasjóður rannsaka botninn til að ganga úr skugga um aðstæður á því svæði þar sem reka þarf niður stálþil. Þessi vinna var í höndum Kristjáns Helgasonar á Siglingastofnun og síðar Sigurðar Áss Grétarssonar. Þetta liggur því fyrir.

Síðan var enn á ný sótt um að þessi framkvæmd kæmist á samgönguáætlun 2013 – 2016 svo unnt væri að hefja verkið. Miðað við þá ályktun sem hér er um fjallað er ekkert fjármagn ætlað til þessarar mikilvægu framkvæmdar.

Með þessari umsögn er þess enn á ný freistað að ná eyrum og skilningi alþingismanna. Dalvíkurbyggð hefur ekki ríkisstofnanir til að styðja við fjölbreytni atvinnulífsins eins og flest sveitarfélög af svipaðri stærð en verður að reiða sig á að þau fyrirtæki sem vinna á markaði spjari sig. Þess mikilvægara er að allir innviðir séu þeim hagfelldir. Því skorar byggðaráð Dalvíkurbyggðar á Alþingi að standa með áframhaldandi uppbyggingu farsæls atvinnulífs á Dalvík og viðurkenna mikilvægi þessarar framkvæmdar með því að setja fjármuni til hennar á samgönguáætlun 2013 – 2016.

Bestu kveðjur  
Svanfríður Jónasdóttir  
Bæjarstjóri